

Vegagerðin, Norðursvæði  
Svæðismiðstöð  
Miðhúsavegi 1,  
600 Akureyri

Akureyri, 25. júní 2020  
UST202003-223/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Reglubundið eftirlit 2020 - Vegagerðin - Sauðárkrókur, bikstöð.**

Þann 3. júní sl. fór fram eftirlit í bikstöð Vegagerðarinnar á Sauðárkróki. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar að öryggisblöð fyrir TBH vantar í rekstrarhandbók.

Virðingarfyllst

*G. Stella Árnadóttir*

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

*Gottskálk Friðgeirsson*

Gottskálk Friðgeirsson

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Sauðárkrókur



Dags eftirlits	3.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgarsíða 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-2899	Flokkur	Olia
Fulltrúi fyrirtækis	Viglundur Rúnar Pétursson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Sigurðsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekcert frávik kom fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar að öryggisblöð vantar fyrir TBH í rekstrarhandbók.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skráningar skv. því.

Um er að ræða bikborgðastöð á Hafnarsvæði Sauðárkrókshafnar. Einn 9.600 m<sup>3</sup> geymir er í stöðinni sem geymir asfalt og annar minni 45.000L geymir sem geymir lífolíu en geymdi áður White Spirit. Stöðin er byggð árið 1999 og voru geymarnir þá teknir í notkun. Árið 2018 var svo þriðja geyminum bætt við í stöðinni og er hann ætlaður fyrir TPH viðloðunarefni og er 700m<sup>3</sup> að stað. Geymirinn er einangraður og er fyllt á hann úr 1.000L bönbum með lyftara eða beint af tankbíl. Engar breytingar hafa verið gerðar á stöðinni, aðrar en þær sem gerðar voru af kröfu eftirlitsaðila, frá síðasta eftirliti og engar breytingar eru fyrirhugaðar. Rakadræg malarefni hafa verið sett undir TPH geyminn og steinblokkir til varnar ákeyrslu eru til staðar, framan við geyminn. Merkingar hafa verið lagfærðar og til stendur að klæða geyminn.

Geymarnir voru þykktarmældir árið 2016 af VPS verkfræðistofu og voru þeir í lagi en tæring var þó komin á botn lífolútanksins að utanverðu og var farið í tæringarvarnir á honum árið 2017. Löndunarlögn liggar í steyptri rennu, frá olíugeymi og út að höfn. Liggur rennan ofanjarðar á lóð og er olíuhitun í stoknum ásamt því að péttikápa er yfir lögninni. Afgreiðslulögn fyrir asfalt var þrýstiprófuð af Vélaverkstæði KS í júní 2017 og var lögin í lagi.

Asfalt geymir og TPH geymir standa á malarplan en lífolíugeymir stendur í steyptri þró. Niðurföll á plani eru tengd olíuskilju og ídræg efni voru til staðar í stöðvarhúsi.

Tómir bambar af TPH viðloðunarefni stóðu á lóðinni og bíða flutnings. Olíuskilja er yfirfarin reglulega en stendur hún tóm og lítið sem ekcert álag er á henni. Litið var ofaní skiljuna og ekki var að sjá neina olíubrák. Öll úrgangsolfa og lýsisafgangar fara í spilliefnamóttöku Flokku á Sauðárkróki en magnið er óverulegt, um 10-15L á ári af olíu og eitthvað meira af lýsi. Kvittanir um móttöku á spilliefnum voru til staðar í rekstrarhandbók.

Farið er yfir stöðina vikulega og daglega yfir sumartímann þegar mest er um afgreiðslur. Reyndir starfsmenn vinna í stöðinni og sjá um að kenna nýjum starfsmönnum. Ekki eru haldin sérstök endurmenntunarnámskeið í mengunarvörnum og viðbrögðum við mengunarslysum en haldin eru námskeið á vegum Vegagerðarinnar sem starfsmenn sitja. Flestir starfsmenn hafa farið á eiturefnanámskeið.

Asfaltgeymirinn stendur aldrei tómur og koma skip til áfyllingar 1-2 sinnum á ári, síðasta skip kom síðla árs 2019. Um 6-700m<sup>3</sup> voru í geymi við eftirlit.

Áætlun vegna rekstrarstöðunar, áhættumat, viðbragðsáætlun, verklagsreglur um löndun olíu og afrit af starfsleyfi og öryggisblöð voru í rekstrarhandbók á staðnum. Rekstraraðili sendir uppfærð drög að umhverfismarkmiðum og afriti tryggingaskíteinis vegna bráðamengunar hafs og stranda til eftirlitsaðila. Daglegar skráningar og viðhaldskráningar eru færðar í dagbók.

Gengið var um stöðina og hún skoðuð. Girðingar voru í lagi og vel við haldið og hlið voru læst er að var komið. Stöðin er snyrtileg að líta.

## ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram er varðar að öryggisblöð vantar fyrir TBH í rekstrarhandbók.

### ANNAÐ

Í eftirlitnu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkanar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila né rekstraraðila og engin óhöpp hafa orðið á árinu.


Minnt er á að gera þarf þrýstipróf á lögnum á a.m.k. fimm ára fresti og því næst árið 2021.

Minnt er á að öll gögn skal senda á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) og afrit sent á eftirlitsmann.

Reykjavík, 25.06.2020

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir